

Mbl. 13.10.43

2

Kjartan Jóhannesson

Nokkur afmælisorð.

Mjer hefir þótt vænt um að sjá Kjartans getið vel og góðgjarnlega á fimtugsafmæli hans. Hann á það skilið, að hans sje vel minnst. Jeg þekki Kjartan vel, því að hann var að mestu uppallinn hjá þeim Hlíðarhjónum Páli og Ragnhildi, og auk þess var hann með mjer í jarðfræðiferðalagi sumarið 1910, þá á 17. ári. Var hann öruggur og duglegur fylgdarmaður, þó ekki væri eldri, og á Bláfelli við Hvítá, er (eða var) mikil varða, sem Kjartan hlóð að mestu, meðan jeg var að virða fyrir mjer þetta merkilega fjall, sem jeg vona að Jóhannes Áskelsson eða Guðmundur Kjartansson, eða þeir snillingarnir báðir, skoði betur áður á löngu liður. Það gat engum dult, sem um gat

dæmt, að Kjartan var þrýðilega gteindur, og áhugi hans á hinni fögru list sem hann hefir mest fyrir sig lagt síðan við vorum saman, var mikill. Hann hefði vissulega átt skilið að eiga föðurbróður slíkan sem jafnaldri hans Páll Ísólfsson. Einhverntíma hafði Kjartani tekist að spara saman fje nokkurt, sem hann ætlaði að nota til að leita sjer frekari mentunar í fónlist, en þá veiktist móðir hans, og mat hann þá meira, að verja þessum peningum til að leita henni lækninga.

Það er þóttin, að þar kemur, og það áður á löngu liður — því að jafnvel ævi þeirra sem gamlir verða hjer á jörðu, er þó ekki löng — að slíkir menn geta notið þeirrar mentunar, og náð þeirri fullkomnun, sem þeir þrá svo mjög.

Spekingurinn Pýþagoras sagði að sál mannsins væri nokkurskonar harmóní. Því miður eru þó ýmsar sálir, sem verka á oss meir svo sem disharmóní (rúsymur), væri þar hið rjettara orð. En vel hygg jeg það til fundið, að nota orð hins gríska spekingis um sál slíks ljúfmennis sem Kjartan Jóhannesson er.

9. okt.

Helgi Pjeturas.